

Kæri skólameistari, nýstúdentar og aðrir gestir,

Til hamingju með daginn.

Ég heiti Hildur Björg Kjartansdóttir og er 5 ára stúdent frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga þar sem að ég lauk námi á náttúrufræðibraut.

Mér finnst ég ótrúlega heppin að hafa haft þann möguleika að stunda gott nám í FSN vegna þess að þá gat ég búið áfram heima og stundað körfubolta með Snæfell. Ég er uppalin í Stykkishólmi en hef ekki búið þar síðustu 4 ár. Ég met því þessi ár mikils vegna þess að flytja að heiman snemma getur verið erfitt. Þegar ég fór að heiman eftir að hafa klárað stúdentspróf tók ég frekar stórt stökk og er ekki víst að ég hefði náð jafn góðum árangri og notið mín eins mikið án þess auka tíma sem að ég fékk heima hjá foreldrum mínum í mínum heimabæ.

Að loknu stúdentsprófi hélt ég til Bandaríkjanna þar sem að ég hóf nám á körfuboltastyrk í Efnafræði. Námið þar var frekar líkt náminu hérna í FSN að því leyti að það var verkefnaþið, reynslan mín í FSN hjálpaði mér því mikið. Mér leið eins og ég væri í svipuðu umhverfi nema kannski að læra þyngra efni og undir meira vinnu álagi. Það sem ég saknaði hins vegar voru persónuleg samskipti við bæði kennara og samnemendur sem eru alls ekki algeng eins og hérna.

Í lok fyrsta ársins ákvað ég að vinnuálagið með körfuboltanum væri of mikið og mér fannst ég ekki geta skilað mínu besta á báðum sviðum. Ég tók því þá ákvörðun að skipta um nám og endaði á að ljúka Bachelor í Kinesiology eða Hreyfifræði og með Communications eða Almennatengsl sem aukagrein. Ég sé alls ekki eftir þessari ákvörðun í dag. Á þeim tíma sem að ég var að taka ákvörðun um hvað mig langaði að læra í háskóla þá leið mér eins og ég væri að taka endanlega ákvörðun varðandi námið sem að myndi móta vinnuferil minn. Í dag sé ég heldur betur að svo er ekki, maður verður að fá að prófa og átta sig á hvað hentar manni, það er allt í lagi að skipta um skoðun.

Að fara til Bandaríkjanna að spila körfubolta var eitthvað sem mig hafði dreymt um, en fannst það á ákveðnum tímamarki frekar fjarlægur draumur. Ferlið var ekki auðvelt og að fara út er mikil vinna en alveg þess virði þegar uppi var staðið. Ég var þá farin að spila mikið með landsliðinu og sá að með vinnu, aga og aukaæfingum gæti ég náð eins langt og ég vildi í körfuboltanum.

Eftir námið mitt ákvað ég að halda til Spánar í atvinnumennsku og setti frekara nám í biðstöðu. Ákvörðunin var byggð á því að ef þetta væri eitthvað sem að mig langaði að gera þá væri tíminn núna til að láta næsta kafla í draumnum mínum rætast, að verða atvinnumaður í körfubolta. Núna hef ég samið um annað ár hjá öðru íþróttafélagi á Spáni þar sem að ég mun halda áfram körfuboltaferli mínum og vinna mig upp á meðan líkaminn leyfir og áhugi fyrir þessu er til staðar. Ég get hiklaust sagt að þetta er það skemmtilegasta sem ég geri og það að geta unnið og fengið borgað fyrir áhugamálið sitt er einstakt.

Í dag lifum við, við þau forréttindi að eiga möguleika á að gera nákvæmlega hvað sem að okkur dettur í hug ef við erum tilbúin að leggja vinnuna á okkur. Þess vegna vil ég hvetja ykkur nýstúdentar til að þora að stefna á það sem ykkur dreymir um, setja ykkur markmið, skrifa þau niður og finna leiðir til þess að ná

Þessum markmiðum. Ákveðið hvar þið viljið vera eftir 1 mánuð, svo 1 ár og 5 ár, búið til plan. Það getur verið á hvaða sviði sem er og í hverju sem að þið viljið taka ykkur fyrir hendur.

Það sem er sérstakt við samfélagið sem að við búum í er hversu allir eru tilbúnir að hjálpa öðrum, við erum það fá, að það vilja allir gera allt til þess að hjálpa ykkur að komast þangað sem þið stefnið. Aflið ykkur upplýsinga, kynnið ykkur hvað þið þurfið að gera til þess á ná markmiðum ykkar og notið fólkið í kringum ykkur, ég hef kynnst því að það er ekki allt á Google.

Kæru nýstúdentar, njótið dagsins og lífið í núinu.

Takk fyrir mig.